

Þriðjudaginn 7. júní 1988.

Nr. 219/1987. Þórólfur Kristjánsson

(Sigurður Georgsson hrl.)

gegn

Hilmi sf.

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög. Sönnun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1987. Hann gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða 468.581,00 krónu með 9% ársvöxtum frá 1. september 1986 til 5. desember 1986, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 14. apríl 1987 og með hæstu innlánsvöxtum samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands, sbr. vaxtalög nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Áfrýjandi krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/s Hilmi II SU 177 fyrir dæmdum fjárhæðum, sbr. 1. tl. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum áfrýjanda, en til vara að fjárhæð dómkröfunnar verði lækkuð. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt var lagt ljósrit af skipshafnarskrá m/s Hilmi II yfir menn þá sem á skipinu voru í ársbyrjun 1986. Í henni kemur fram, að áfrýjandi var ráðinn til „Loðnuv.“ frá 2. janúar 1986, en lengdar ráðningartíma var ekki öðruvísi getið. Áfrýjandi staðfesti þessi ráðningarkjör með nafnritun sinni í skipshafnarskrána. Hann var afskráður „samk. bréfi“ 28. febrúar 1986. Með vísan til þessa og forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti þykir eiga að staðfesta hann.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara

og Arnljóts Björnssonar prófessors.

Fyrir Hæstarétt var lagt ljósrít af skipshafnarskrá vb. Hilmis II fyrir árið 1986. Í henni kemur fram, að áfrýjandi var ráðinn til „loðnuv.“ frá 2. janúar 1986, en eigi er vikið að lengd ráðningartíma. Samkvæmt skipshafnarskrá var áfrýjandi afskráður „samk. bréfi“ 28. febrúar 1986.

Ákvæði greina 1.20.2 og 1.20.3 í kjarasamningi þeim, sem getið er í héraðsdómi, eru svohljóðandi: „Heimilt er að ráðningartími skipstjórnarmanna sé ákveðinn við ráðningu enda sé það tekið fram þegar lögskráð er. — Uppsagnarfrestur skipstjórnarmanna skal vera þrír mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg af beggja hálfu.“

Eins og í héraðsdómi greinir var áfrýjandi 1. stýrimaður á Hilmi II nánar tiltekin loðnuveiðitímabil frá 5. nóvember 1983 til 28. febrúar 1986. Á milli þessara tímabila var skipinu ekki haldið til veiða. Var áfrýjandi þá við aðra vinnu og fékk eigi greidd laun hjá stefnda. Í júní 1986 var skipið gert út til annarra veiða en loðnuveiða. Nokkru áður tjáði skipstjóri áfrýjanda, að hann ætti þess ekki kost að fara með skipinu sem 1. stýrimaður, en bauð honum í þess stað stöðu 2. stýrimanns. Hafnaði áfrýjandi því og krafðist bóta vegna ólögmætrar uppsagnar.

Eigi verður litið svo á, að áfrýjandi hafi afsalað sér rétti til uppsagnarfrests, þótt hann sætti sig við að fá ekki greidd laun hjá stefnda, þegar hann var í vinnu hjá öðrum milli loðnuvertíða.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. áður 2. mgr. 11. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, og fyrrgreindum kjarasamningi skal ráðningarsamningur vera skriflegur. Ekkert skriflegt liggur fyrir um ráðningarsamning við áfrýjanda annað en það, sem fram kemur í greindri skipshafnarskrá fyrir árið 1986. Hefur stefndi hvorki sýnt fram á, að ráðningarsamningur hafi verið tímabundinn né, að samið hafi verið um skemmri uppsagnarfrest en greinir í

kjarasamningi og 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Ekki hefur stefndi heldur sannað vanefndir á áfrýjanda eða annað, sem heimilar fyrirvaralausar uppsögn. Við teljum því áfrýjanda eiga rétt á þriggja mánaða launum úr hendi stefnda samkvæmt 1. mgr. 25. gr., sbr. 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 og því beri að taka til greina kröfur hans samkvæmt 1. - 4. kröfulið, enda hafa þær ekki sætt tölulegum andmælum. Í 5. lið kröfugerðar sinnar krefst áfrýjandi hins vegar sérstakra skaðabóta vegna missis skiprúms á loðnuvertíð 1986 - 1987. Stefndi hefur mótmælt kröfu þessari. Krafa þessi er órökstudd og því teljum við að hafna beri henni.

Samkvæmt þessu teljum við að úrslit málsins ættu að vera þau að stefndi greiði áfrýjanda 268.581,00 krónu með vöxtum, svo og málskostnað.

Einnig teljum við að samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985 ætti að veita áfrýjanda sjóveðrétt í m/s Hilmi II SU 177 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. apríl 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 7. apríl sl., hefur Þórólfur Kristjánsson stýrimaður, nnr. 9718-5565, Háabardí 15, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 5. desember 1986 á hendur Hilmi sf., nnr. 4138-2929, Skeggjagötu 1, Reykjavík.

Fyrir dóminum gerir stefnandi þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 488.921,00 auk 9% ársvaxta frá 1. september 1986 til stefnubirtingardags máls þessa, en dómvaxta skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er gerð krafa um að stefndi greiði stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ og framlögðum málskostnaðarreikningi.

Loks er gerð krafa um að viðurkenndur verði með dómi sjóveðréttur í vélbátnum Hilmi II SU-177 fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefnda er sótt þing og þær kröfur gerðar að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, til vara að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Þá gerir stefndi kröfu um að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ hvernig sem málið fer.

Sátt var reynd án árangurs.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo:

„Málavextir eru þeir að stefnandi var ráðinn í nóvembermánuði 1983

til þess að gegna stöðu 1. stýrimanns á vélbátnum Hilmi II SU-177, en bátur þessi er í eigu stefnda, Hilmi sf.

Gegndi stefnandi þessari stöðu til loka febrúarmánaðar 1986, þegar skipið hætti loðnuveiðum. Ákveðið hafði verið að umrætt skip færi til tilrauna-veiða á gulllaxi og skyldu þær veiðar hefjast um sumarið, en skipið vera aðgerðarlaust þangað til. Nokkrum dögum áður en gulllaxveiðarnar hófust hringdi skipstjórinn, Lárus Grímsson, í stefnanda og tjáði honum að hann treysti honum ekki til þess að fara með veiðarfærin á gulllaxveiðunum. Stefnandi mótmælti því og sagðist fullfær um það. Þá hafði umboðsmaður stefnda, Jóhann Antoníusson, samband við stefnanda og var viðbára hans sú gegn áframhaldandi ráðningu stefnanda að hann taldi hann ekki hæfan um að veita vinnslunni um borð í skipinu forstöðu.

Var stefnanda boðin staða annars stýrimanns.

Stefnandi sætti sig ekki við þessi málalok, en annar maður var ráðinn í hans stað.

Kröfur sínar rökstyður stefnandi þannig:

„Málsókn þessi er á því reist að stefnanda hafi í raun verið sagt upp störfum fyrirvaralaust, þar sem honum var ekki gefinn kostur á að starfa áfram sem 1. stýrimaður á Hilmi II SU-177, þegar skipið var að fara á gulllaxveiðar.

Þeirri fullyrðingu stefnda að stefnandi hafi verið ráðinn til ákveðins tíma er mótmælt sem rangri, enda er engum slíkum ráðningarsamningi til að dreifa.

Núgildandi ákvæði sjómannalaga er fjalla um ólögmæta uppsögn, eins og hér er um að ræða, er að finna í 25. gr. sbr. 9. gr. 2. mgr. laga nr. 35/1985, svo og er einnig vísað til kjarasamnings Landssambands íslenskra útvegsmanna og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, 1.20.3. sbr. dskj. nr. 5. Stefnukrafan sundurliðast þannig:

1. Trygging í júnímánuði 1986	kr. 53.800,00
2. Fastakaup í júnímánuði 1986	1.094,00
3. Stýrimannshluttur á gulllaxveiðum í júlí og ágúst 1986 skv. upplýsingum stefnanda ..	188.894,00
4. Orlof 10,17%	24.793,00
5. Sérstakar bætur vegna missis skiprúms á loðnuvertíð 1986 - 1987	200.000,00

Samtals stefnufjárhæðin kr. 468.581,00

Um sjóvéðskröfu er vísað til 197. gr. núgildandi siglingalaga nr. 34/1985 1. tl.“

Lögmaður stefnda rekur málavexti svo:

„Málavextir eru þeir að sögn stefnda að stefnandi var ráðinn upphaflega í nóvembermánuði sem 1. stýrimaður á skip stefnda, m.s. Hilmi II SU-177, meðan skipið stundaði loðnuveiðar, til þess tíma að það hafði veitt úthlutaðan loðnukvóta sinn. Er loðnuveiðum lauk og afskráð var þann 5. apríl 1984 var ráðningartíma stefnanda lokið, sem og annarra skipverja. Skipið stundaði eingöngu loðnuveiðar á þessum tíma.“

Er loðnuveiðar hófust aftur um haustið 1984 var stefnandi endurráðinn sem og aðrir skipverjar, a.m.k. flestir. Stóð loðnuúthaldið frá 2. október til 23. apríl 1985 með eðlilegum hléum.

Hvarf stefnandi þá úr þjónustu stefnda en réð sig aftur á næstu loðnuvertið og lauk ráðningartíma stefnanda, er loðnuveiðum lauk í lok febrúar 1986.

Í maíbyrjun 1986 var ákveðið að hefja tilraunaveiðar með gulllax, en hann er veiddur í botntroll. Hóf skipið þær veiðar þann 24. júní 1986. Var stefnandi ekki endurráðinn á skip stefnda. Byggir stefnandi aftur á móti kröfu sína á þeim forsendum að honum hafi verið sagt upp störfum fyrirvaralaust.

Stefndi mótmælir fullyrðingum stefnanda sem röngum að honum hafi verið sagt fyrirvaralaust upp störfum. Þá mótmælir stefndi sérstaklega 5. lið í kröfugerð stefnanda, þar sem 25. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 mælir eingöngu fyrir um bætur í formi kaups þann tíma sem segir um í 9. gr. í þrjá mánuði.“

Sýknukröfu sína byggir stefndi á eftirfarandi málástæðum:

„Samkvæmt 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 er uppsagnarfrestur yfirmanna þrír mánuðir nema um annað hafi verið sérstaklega samið. Stefndi réð stefnanda eingöngu til loðnuveiða og lauk ráðningartímanum er skipið hafði lokið við að veiða úthlutaðan loðnukvóta sinn.“

Það að stefnandi var ekki endurráðinn er ákveðið var að skipið stundaði veiðar á gulllax skapar stefnanda ekki rétt til uppsagnarfrests og kaupgreiðslna úr hendi stefnda.

Stefndi leggur áherslu á að skv. 2. mgr. 27. gr. sjómannalaga þá skal skipverji taka kaup til þess dags er ráðningu hans lýkur. Hafi ráðningu stefnanda ekki verið slitið þann 28. febrúar 1986, þá hefði stefnda borið skylda til þess að greiða honum laun. Stefnanda voru ekki greidd nein laun eftir að loðnuvertið 1986 lauk, frekar en eftir aðrar loðnuvertíðir, sem sýnir og sannar að ráðningartíma hans lauk í hvert skipti eftir að loðnuvertið lauk. Að þessu sinni kom ekki til endurráðningar, en gera verður skýran greinarmun á uppsögn annars vegar og synjun um endurráðningu hins vegar.“

Fyrir dóm hafa komið stefnandi Þórólfur Kristjánsson, Jóhann Antoníasson, útgerðarmaður bátsins, og Lárus Grímsson, skipstjóri bátsins.

Alit dómsins:

Stefnandi hefur, sbr. siglingavottorð dskj. 7, verið lögskráður á Hilmi II SU-177 sem hér segir: Frá 05.11. '83 til 14.12. '83, frá 06.01. '84 til 05.04. '84, frá 02.10. '84 til 18.12. '84, frá 05.01. '85 til 23.04. '85, frá 15.09. '85 til 16.12. '85, frá 02.01. '86 til 28.02. '86. Skipið var á loðnuveiðum og var stefnandi lögskráður yfir þrjár loðnuvertíðir. Aðilar eru sammála um að stefnandi hafi ekki tekið kaup hjá útgerðinni milli loðnuvertíða enda þá verið ráðinn í aðra vinnu.

Skriflegur ráðningarsamningur var ekki gerður við stefnanda en hann hafði sætt sig við þessa tilhögun sem og aðrir skipverjar á þessu tímabili. Milli loðnuvertíða lá skipið aðgerðarlaust. Eins og ráðningu stefnanda á þessar loðnuvertíðir var háttað gat hann í upphafi hverrar vertíðar aðeins gert ráð fyrir ráðningu til loka þeirrar vertíðar. Sjálfur var hann heldur ekki bundinn í þjónustu útgerðarinnar nema yfir vertíðina. Með heimild í 2. mgr. 9. gr. 1. nr. 35/1985 og 1.20.2. gildandi kjarasamnings var honum þannig markaður ráðningartími til loka vertíðar. Hann átti því ekki þegar af þeim ástæðum rétt á uppsagnarfresti samkvæmt sömu málsgrein laga nr. 35/1985 og 1.20.3. kjarasamningsins.

Niðurstaða máls þessa er því sú að stefndi skal sýkn af kröfum stefnanda.

Rétt þykir, m.a. vegna þess að skriflegur ráðningarsamningur var ekki gerður við stefnanda, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hilmir sf., skal sýkn af kröfu stefnanda, Þórólfs Kristjánssonar, í máli þessu.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.